

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1970

10. júlí 1970.

427

Nr. 79.

AUGLÝSING

um breyting á skipting starfa ráðherra skv. auglýsingu nr. 97/1969.

Eftir tillögu ríkisstjórnarinnar og skv. 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag gert eftirfarandi breyting á skiptingu starfa ráðherra:

Jóhann Hafstein fer með forsætisráðuneytið auk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins.

Forsætisráðuneytið, 10. júlí 1970.

Jóhann Hafstein.

Guðmundur Benediktsson.

9. júlí 1970.

Nr. 80.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar,
nr. 43 3. júní 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem lög um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, nr. 35 9. maí 1970, sem samþykkt voru í lok síðasta Alþingis, hafi í för með sér breytingar á skipun prófastsdæmanna, sem jafnframt eru kjördæmi í kosningum til kirkjuþings, samkvæmt lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957, en kosningar til kirkjuþings eiga að fara fram á þessu sumri, beri brýna nauðsyn til að gera breytingar á síðarnefndu lögunum, til samræmis við hina breyttu skipan, og jafnframt að gera lagfæringu á óhagkvæmu fyrirkomulagi á kjöri varamanna, samkvæmt tillögu kirkjuþings.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 2. greinar laga nr. 43 3. júní 1957, um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, orðist svo:

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
3. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
4. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi.
7. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessprófastsdæmi.